

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1422****2022/EES/34/39****frá 26. apríl 2021****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/624 að því er varðar vottun ef um er að ræða slátrun á
upprunabúi (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum d-lið 7. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna inna af hendi til að staðfesta að farið sé að reglum um beitingu löggjafar Sambandsins á sviði matvæla og matvælaöryggis á öllum stigum framleiðslu-, vinnslu- og dreifingarferlisins. Þetta opinbera eftirlit nær yfir skoðun fyrir slátrun á dýrum sem eru ætluð til slátrunar.
- 2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 ⁽²⁾ er mælt fyrir um viðmiðanir og skilyrði til að ákvarða hvenær skoðun fyrir slátrun megi fara fram á upprunabúinu.
- 3) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1374 ⁽³⁾ um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽⁴⁾ er heimiluð slátrun taminna nautgripa og svína og taminna staktæðra hófdýra á upprunabúinu við tiltekin skilyrði. Meðal þeirra skilyrða er að dýrin skulu fara í skoðun fyrir slátrun og að niðurstöður úr þeirri skoðun skulu staðfestar með opinberu vottorði sem fylgir skrokkum aflífuðu dýranna til viðurkennds slátruhúss í samræmi við 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 307, 1.9.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/624 frá 8. febrúar 2019 um sérstakar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits með framleiðslu á kjöti og með framleiðslu- og umlagingsvæðum fyrir lifandi samlokur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtið. ESB L 131, 17.5.2019, bls. 1).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1374 frá 12. apríl 2021 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55).

- 4) Víkka ætti gildissvið 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 til að það nái einnig yfir tamda nautgripi og svín og tamin stakstæð hófdýr til að tryggja að öryggi kjöts sé ekki teft í tvísýnu þegar þeim er slátrað á upprunabúinu.
- 5) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/624 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/624 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1 Lögþær yfirvöld skulu beita sértæku viðmiðunum og skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari grein í viðeigandi tilvikum sem varða alifugla, alin veiðidýr, tamda nautgripi og tamin svín og tamin staktæð hófdýr.“

- 2) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3 Ef um er að ræða tamda nautgripi og svín, tamin stakstæð hófdýr og alin veiðidýr sem er slátrað á upprunabúinu í samræmi við VI. kafla a í I. þætti eða 3. lið III. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skal opinbert vottorð, sem er útfyllt í samræmi við fyrirmyndina að opinbera vottorðinu sem sett er fram í 3. kafla IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 (*), fylgja með dýrunum í sláturhúsið eða sent fyrir fram, á hvaða sniði sem er, í stað vottorðsins sem um getur í f-lið 2. liðar í 5. gr. þessarar reglugerðar.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB (Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 1).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.